

Ed. **909. Frumvarp til laga** [25. maí]
um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams-
tjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni,
eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur
á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda
þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggis-
ráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka
má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með
framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1972.